

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 140/695*  
*komudagur 7.12.2011*



Orkuagarður • Grensásvegur 9 • 108 Reykjavík  
Sími: 569 6000 • os@os.is • www.os.is

Alþingi - Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. desember 2011  
Tilvísun: 2011120004/50.11  
Verknúmer: 1227000

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum (hækkun raforkueftirlitsgjalds), 305. mál**

Orkustofnun vísar til erindis Atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 2. desember sl., þar sem óskað er umsagnar og athugasemda Orkustofnunar við frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum (hækkun raforkueftirlitsgjalds), 305. mál.

Orkustofnun hefur kynnt sér efni framangreinds frumvarps og gerir ekki athugasemdir við einstakar greinar þess en vill engu að síður áréttta eftirfarandi sjónarmið varðandi tilefni og nauðsyn lagasteningarinnar:

Að frumkvæði iðnaðarráðuneytisins var Orkustofnun Noregs, „Norges vassdrags- og energidirektorat“ (NVE), fengin til þess í maí 2011, að gera úttekt á eftirliti Orkustofnunar með framkvæmd raforkulaga, nr. 65/2003. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum um tilgang og nauðsyn lagasteningarinnar var ástæða þess að kallað var eftir úttekt NVE sú að átta ár eru liðin frá því að raforkulög voru sett og hefur fyrirkomulag raforkueftirlits verið óbreytt þann tíma. Mikilvægt var að fá óháðan utanaðkomandi aðila til að meta gæði raforkueftirlitsins og virkni laganna fram til þessa.

Í skýrslu NVE er lagt til að samskiptum við eftirlitsskylda aðila verði komið í formlegri og markvissari farveg og mælt með að raforkueftirlit verði styrkt með vettvangsúttektum hjá eftirlitsskyldum aðilum. Raforkueftirlitið þurfi að beita í meira mæli þeim úrræðum sem það hefur nú þegar lögum samkvæmt, þ.e. að leggja á fésektir sem viðurlögum við alvarlegri brotum gegn ákvæðum laga.

Meginniðurstaða NVE er að starfsmannafjöldi Orkustofnunar sem sinnir raforkueftirliti sé ekki fullnægjandi. Tillaga NVE er sú að það verði að minnsta kosti að tvöfalda fjölda starfsmanna, úr tveimur í fjóra. Einnig sé nauðsynlegt að efla endurmenntun og þjálfun starfsfólks. Vinnuskilyrði þurfi auk þess að vera hagstæð til að laða að og halda í hæft starfsfólk. Ríkja þurfi jöfnuður milli eftirlits og aðila á markaði varðandi aðföng og faglega kunnáttu.

Í framhaldi af skýrslu NVE fól iðnaðarráðuneytið Orkustofnun að setja saman úrbótaáætlun byggða á niðurstöðum skýrslunnar. Í fylgiskjali við lagafrumvarp þetta er skýrsla Orkustofnunar til iðnaðarráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað vegna eftirlits á grundvelli raforkulaga árið 2012. Þar er að finna sundurliðun einstakra kostnaðarliða og áætlun um eflingu raforkueftirlits og hækkun eftirlitsgjalds. Einnig rekur stofnunin í meginatriðum hvernig hún hyggst efla raforkueftirlitið með bættum verkferlum og fjölgun starfsmanna og visast um það til fylgiskjals frumvarpsins.

Það er mat Orkustofnunar að lagabreyting sú sem furmvarpið gerir ráð fyrir, muni styrkja til muna raforkueftirlit samkvæmt raforkulögum og gera það markvissara til að sinna því hlutverki sem því er ætlað að lögum, m.a. til að bregðast við ábendingum NVE og eflingu annarra þátta starfseminnar á sama grundvelli.

Virðingarfyllt,  
f. h. orkumálastjóra

  
Skúli Thoroddsen

  
Harpa Þórunn Pétursdóttir